

Nd.

317. Nefndarálit

[60. mál]

um frv. til 1. um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta er lagt fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar til staðfestingar á bráðabirgðalögum, útgefnu 2. maí 1962.

Frumvarpið hefur verið athugað og rætt á nokkrum fundum nefndarinnar. Til viðtals hafa komið stjórnarmenn úr Verkfræðingafélagi Íslands ásamt framkvæmdastjóra, svo og stjórn Stéttarfélags verkfræðinga.

Efni frv. er á þá lund, að ný gjaldskrá, sem Verkfræðingafélagið hafði um nokkurn tíma unnið að og síðan samþykkt, að taka skyldi gildi 1. maí 1962, komi ekki til framkvæmdar. En áfram gildi, svo sem verið hafði, gjaldskrá Verkfræðingafélagsins frá 19. apríl 1955 ásamt lögleyfðum uppbótum.

Ljóst sýnist, að frv. tekur einungis til verkfræðistofnana, þ. e. sjálfstætt starfandi verkfræðinga, sem halda uppi sérstökum verkfræði- eða rannsóknarstofum. Hins vegar snertir það ekki launakjör fastráðinna verkfræðinga, t. d. þeirra, sem vinna hjá ríkinu. Flestir slíkra verkfræðinga búa við sérstakt samkomulag við atvinnurekendur, sem byggist á lágmarksráðningarskilmálum Stéttarfélags verkfræðinga. Formlegir samningar hafa þannig ekki verið gerðir með þessum aðilum. Þá snertir frv. ekki erlenda verkfræðinga, sem hér kunna að starfa.

Hin nýja gjaldskrá um þóknun fyrir verkfræðistörf er verðlagningarreglur verkfræðinganna sjálfra um greiðslur fyrir útselda vinnu af verk- eða rannsóknarstofum þeirra.

Frv. miðar að því að hefta frjálsræði verkfræðinga um eigin verðlagningu á útseldri þjónustu. Hins vegar hafa aðrir aðilar, svo sem t. d. arkitektar, löggiltir endurskoðendur o. fl. ekki verið af löggjöf bundnir um svipaðar gjaldskrár.

2. minni hl. telur með skírskotun til þess, er stuttlega hefur verið rakið, að frv. sé eigi þess efnis, að rétt sé að samþykkja það. Á þetta hefur meiri hl. nefndarinnar ekki getað fallið, og hefur nefndin því klotnað um málið.

2. minni hl. leggur til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með skírskotun til þess, að aðrar stéttir hliðstæðar verkfræðingum, svo sem arkitektar, endurskoðendur o. fl., verðleggja sjálfar þjónustu, sem þær selja frá skrifstofum eða verkstofum, þykir deildinni ekki ástæða til staðfestingar á bráðabirgðalögum þeim, sem frv. fjallar um, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. febr. 1963.

Björn Fr. Björnsson.